

Alþingi
Erindi nr. P 139/1069
komudagur 4.1. 2010

Alþingi - Umhverfisnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 4. janúar 2011
Tilvísun: UST20101100137/ki

Umsögn - Frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, með síðari breytingum, 139. löggjafarþing, 186. mál.

Með tölvubréfi, dags. 24. nóvember 2010, sendi umhverfisnefnd Alþingis Umhverfisstofnun til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, með síðari breytingum, 186. mál.

Með framangreindu frumvarpi er m.a. verið að koma á fót framleiðendaábyrgð fyrir drykkjarvöruumbúðir og rafhlöður og rafgeyma. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að framleiðendaábyrgð á sem flestum úrgangsflokkum verði sett í lög líkt og nú þegar hefur verið gert með raf- og rafeindatækjaúrgang. Umhverfisstofnun telur því framangreint frumvarp mikilvægt skref í þá átt.

Umhverfisstofnun vill þó benda á, að ef frumvarpið verður samþykkt óbreytt, verður framleiðendaábyrgð komin á þrjá úrgangsflokka en hún útfærð á þrjá mismunandi vegu. Þannig er t.d. gert ráð fyrir að skrá yfir framleiðendur og innflytjendur verði annars vegar hjá Umhverfisstofnun og hins vegar hjá Úrvinnslusjóði.

Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að ákvæði frumvarpsins verði endurskoðuð með það að leiðarljósi að samræma betur framleiðendaábyrgð fyrir þessa þrjá úrgangsflokka og einfalda stjórnábyrgð, t.d. með því að:

1. Eitt skráningarkerfi verði fyrir alla úrgangsflokkana og sama stjórnvald sjái um rekstur þess,
2. Eitt stjórnvald verði fyrir alla úrgangsflokkana og
3. Framleiðendur og innflytjendur uppfylli skyldur sínar með aðild að skilakerfi í öllum úrgangsflokkum.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst

Sigrún Ágústsdóttir
Sviðsstjóri

Kjartan Ingvarsson
Lögfræðingur